



Fjármála- og efnahagsráðuneytið
bt. skrifstofu skatta-, eigna- og fjármálaumsýslu
Arnarhvoli
101 Reykjavík

Sent á Samráðsgátt

Reykjavík, 24. október 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að frumvarpi til laga um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila, mál S-200-2025

I. Inngangur

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“ eftir atvikum) hafa tekið til umsagnar drög að frumvarpi til laga um aðgengi að vefsetrum og smáforritum opinberra aðila, mál S-200-2025 en með frumvarpinu er innleidd tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/2102 frá 26. október 2016 um aðgengi vefsetra opinberra aðila og smáforrita þeirra fyrir fartæki, í greinagerð með frumvarpinu nefnd vefaðgengistilskipunin.

Samtökin styðja markmið frumvarpsins um að tryggja að allir geti nýtt sér stafræna þjónustu hins opinbera og sömuleiðis að íslensk stjórnvöld uppfylli skuldbindingar sínar gagnvart EES-samningnum. Samtökin gera hins vegar athugasemdir við samráðsleysi við atvinnulífið við móttöku frumvarpsins og telja áhrifamat áfátt með tilliti til áhrifa á atvinnulífið. Þá vilja samtökin koma á framfæri athugasemdum og óska eftir því að tekið verði tillit til þeirra við útfærslu reglugerðar sem ætlað er að kveða nánar á um kröfur og eftirlit með þeim skv. frumvarpinu.

II. Áhrif innleiðingar tilskipunarinnar á atvinnulífið

Lögfesting tilskipunarinnar mun hafa bæði bein og óbein áhrif á íslenskt atvinnulíf, einkum á fyrirtæki sem þróa, hanna eða reka stafrænar lausnir fyrir opinbera aðila. Formlega beinist lagasetningin aðeins að hinu opinbera, en í reynd flyst veruleg ábyrgð á framkvæmdinni til þeirra einkaaðila sem þjónusta ríki og sveitarfélög. Þeir munu þurfa að innleiða nýja staðla, uppfæra vefi og smáforrit og sýna fram á samræmi við evrópskan staðal EN 301 549. Þetta getur skapað verulegan kostnað, einkum fyrir smærri fyrirtæki sem ekki hafa áður sérhæft sig á þessu sviði, og kann að þrengja að samkeppni á markaði. Þá þarf að huga að kröfum í útboðsskilmálum hvað varðar stafrænaaðgengi til að tryggja þátttöku og jafnræði fyrirtækja á markaði.

Eitt helsta áhyggjuefnið er að í samtali samtakanna við félagsmenn hefur komið í ljós að tækifæri fyrirtækja í stafrænni þróun til þess að selja vörur sínar til hins opinbera er verulega takmarkað. Þannig vantar í umræðu með frumvarpinu stefnu um aðgengi fyrirtækja að opinberum gögnum og API-tengingum. Slíkt aðgengi er forsenda fyrir nýrri þjónustu og gagnadrifinni nýsköpun, en íslensk fyrirtæki hafa hingað til átt erfitt með að tengjast kerfum hins opinbera. Verði það ekki tekið inn í framkvæmd laganna skapast hættu á að opinber stafræna umbreyting verði lokuð inni í vistkerfi þar sem ríkið þjónustar sjálft almenning, en atvinnulífið útilokað frá þróun lausna.



Félagsmenn hafa kvartað yfir því að Stafrænt Ísland, sem hefur bæði stefnumótandi og tæknilegt hlutverk, fari í útboð til að láta þróa fyrir sig lausnir þegar eru í boði á markaði. Þetta dregur úr tækifærum fyrir einkaaðila og jafnframt úr hvata til nýsköpunar. Þar sem stofnanir bíða eftir að Stafrænt Ísland sinni þeirra verkefnum í stað þess að nýta sérhæfða þjónustu einkaaðila, myndast flöskuháls sem hægir á framþróun. Til að tryggja heilbrigða samkeppni þarf ríkið að takmarka eigið framkvæmdahlutverk við samræmingu, staðlasetningu og ráðgjöf, en fela raunverulega þróun og þjónustu einkamarkaðnum.

Á sama tíma felur frumvarpið í sér tækifæri. Með skýrum reglum og sameiginlegum stöðlum skapast skýrari væntingar íslenskra stjórnvalda til fyrirtækja í hugbúnaðarþróun en kallað hefur verið eftir samræmdum öryggisstöðlum, sér í lagi hvað varðar stafræna heilbrigðistækni. Hins vegar er mikilvægt að stjórnvöld samhæfi framkvæmdina þannig að hún verði ekki óþarflega miðstýrð eða torveldi samstarf við markaðinn. Þá er mikilvægt að íslensk stjórnvöld sýni því skilning að mikill kostnaður fellur á fyrirtæki sem þurfa að uppfæra sinn hugbúnað með tilliti til nýrra staðla.

III. Lokaorð

Í heild má segja að frumvarpið feli í sér jákvætt og nauðsynlegt skref til að tryggja jafnrétti hvað varðar stafrænt aðgengi, en án virks samstarfs við atvinnulífið og án skýrra leikreglna fyrir hið opinbera hvað varðar framkvæmd og kaup á vörum og þjónustu frá atvinnulífinu getur það haft hamlandi áhrif á vöxt hugbúnaðariðnaðar hér á landi. Með markvissri samvinnu, opinni gagnastefnu og skýrri aðgreiningu á hlutverki ríkis og markaðar má hins vegar gera löggjöfina að hvata frekar en hindrun fyrir nýsköpun.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Nanna Elísa Jakobsdóttir,
Viðskiptastjóri á iðnaðar- og hugverkasviði